


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 14. apríl 2008

Hér með fylgja umsagnir Landbúnaðarháskóla Íslands um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til skipulagslaga (Þskj.616 – 374. mál).
- Frumvarp til mannvirkjalaga (Þskj.617 – 375. mál).

Virðingarfyllst



Ágúst Sigurðsson
rektor

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

11. apríl 2008

Efni: Umsögn og athugasemdir Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) um frumvarp til mannvirkjalaga (Þskj. 617 – 375. mál).

Landbúnaðarháskóli Íslands vill með bréfi þessu fagna því að frumvarp að nýjum mannvirkjalögum (Þskj. 617, 375. mál) er lagt fram. Landbúnaðarháskóli Íslands er sú menntastofnun hérlendis sem býður upp á nám bæði í skrudgarðyrkju (starfsnám) og hluta af námi í landslagsarkitektúr (BS nám). Það er því við hæfi að koma á framfæri athugasemdum við ofanefnt frumvarp er varðar þessar starfsstéttir.

Í breyttu samfélagi eru sífellt gerðar meiri kröfur til umhverfis mannsins, frítími eykst í takt við kröfur um lífsgæði. Ennfremur koma til fleiri öryggissjónarmið er varða umhverfi okkar og umgengni í og við það. Þær starfstéttir sem sérhæfa sig í hönnun, uppbyggingu og umsjón útisvæða og umhverfis okkar verða sífellt mikilvægari. Það er því eðlilegt að þeirra sérþekking fái að njóta sín og að tekið sé tillit til þess í nýjum mannvirkjalögum. LbhÍ gerir því athugasemdir við frumvarpið og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir með skírskotun til einstakra greina þess.

2. gr. Gildissvið

Í síðustu setningu 1. mgr. er lagt til að bætt verði inn orðunum **bílastæði, búnað** og hún hljóði svo:

Lögin gilda einnig um gróður á lóðum, frágang lóða, bílastæði, búnað og girðingar í þéttbýli, skilti, gáma og leik- og íþróttasvæði.

Það er óljóst hvort göngubrýr og önnur mannvirki á ferðamannastöðum falli undir lögin.

3. gr. Skilgreiningar

Í 18. lið er lagt til að bætt verði inn orðunum **skipulag lóða, lóðafrágang** og hún hljóði svo:

Uppdráttur sem sýnir m.a. útfærslu einstakra byggingar- og mannvirkjahluta, skipulag lóða, lóðafrágang og tæknibúnaðar, ásamt tilvísunum í staðla um efniskröfur og annað sem þarf til að fullgera mannvirki að utan og innan.

16. gr. Framkvæmd eftirlits með mannvirkjum

Í 1. mgr. er lagt til að bætt verði inn orðunum **Eftirlit skal ná til allra mannvirkjaframkvæmda sem lög þessi ná til s.s. bygginga hverskonar, umhverfis, og lóða hverskonar sem talin eru upp í 2. gr.** og hún hljóði svo:

Eftirlit með mannvirkjum skal framkvæmt í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka sem Byggingarstofnun býr til á grundvelli ákvæða laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Eftirlit skal ná til allra mannvirkjaframkvæmda sem lög þessi ná til s.s. bygginga hverskonar, umhverfis, og lóða hverskonar sem talin eru upp í 2. gr. Í skoðunarhandbókinni skulu m.a. vera ákvæði um framkvæmd úttekta, eftirlitsaðferðir, skoðunaráætlanir og mismunandi eftirlitsstörf.

Með þessum athugasemdum er áhersla lögð á að byggingaeftirlit nái einnig til lóðaframkvæmda, leik- og útivistarsvæða auk allra meiri háttar landslagsmótunar.

20. gr. Hæfi skoðunarmanna

Í upptalningu sérfræðinga í a. og b. lið er lagt til að bætt verði við **landslagsarkitektum**.

24. gr. Löggilding hönnuða

Í a. lið er lagt til að fjarlægð verði orðin **uppdrætti að skipulagi lóða** og hann hljóði svo: *Arkitektar og byggingarfræðingar geta fengið löggildingu til að gera aðaluppdrætti, og tilheyrandi deiliuppdrætti.*


Í d. lið er lagt til að fjarlægt verði (**landslagshönnuðir**) og hann hljóði svo: *Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar geta fengið löggildingu sem hönnuðir séruppdráttu, hver á sínu sviði.*

31. gr. Ábyrgð og verksvið iðnmeistara

Í 1. mgr. er lagt til að bætt verði inn **skrúðgarðyrkjumeistara** í upptalningu um iðnmeistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar.

Samkvæmt iðnfræðslulögum er starfsheitið skrúðgarðyrkjumeistari viðurkennt og verndað. Það er því mikilvægt að starfsgreinin hljóti viðurkenningu í mannvirkjalögum. Sérmenntun skrúðgarðyrkjumeistara fellst í umsjón og uppbyggingu á manngerðu umhverfi auk eftirlits með leiktækjum og útivistarsvæðum. Vegna öryggissjónarmiða er mikilvægt að fagþekking skrúðgarðyrkjumeistara fái notið við og að sérþekking þeirra sé viðurkennd. Þetta eru fagmenn sem hafa 4-5 ára sérnám að baki líkt og aðrar viðurkenndar iðnstéttir.

Virðingarfyllt,
f.h. Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ)


Ágúst Sigurðsson, rektor